

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012, Brúarhvammur, Bláskógabyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 27. janúar 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 frá 22. nóvember 2001.

Breytingin felst í því að 1,66 ha svæði í landi Brúarhvamms, milli bæjarhúss og Tungufljóts breytist úr landbúnaðarsvæði í svæði fyrir frístundabyggð.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Bláskógabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 27. janúar 2006.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.